



STARFSSKÝRSLA

Leikskólinn Hulduheimar



**Greinargerð og endurmat fyrir skólaárið 2019-2020.
Starfsáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021**

Einkunnarorð Hulduheima

Virðing-Lýðræði-Samfélag

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Leikskólastarfið í Hulduheimum	4
2.1 Stefna Hulduheima	4
2.1.1 Markmið Hulduheima.....	4
2.2 Stutt greinargerð um skólastarfið 2019-2020	5
3.0 Mat á leikskólastarfi	5
3.1 Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2019-2020.....	6
4. Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf.....	11
4.1 Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar).....	11
4.1.1 Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings	9
4.1.2 Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála.....	9
4.2 Foreldrasamvinna	9
4.2.1 Foreldraráð	9
4.2.2 Foreldrafélag	9
4.2.3 Foreldrafundir, foreldrafræðsla.	10
4.2.4 Foreldraviðtöl.	10
4.2.5 Upplýsingaflæði til foreldra.....	10
5. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	10
5.1 Samstarf við skólaþjónustu Árborgar	10
5.2 Samstarf leik- og grunnskóla	11
5.3 Samstarf við háskólana.....	11
5.4 Annað samstarf	11
6. Starfsmannamál.....	11
6.1 Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2019-2020	12
6.2 Fundarhöld.	12
6.3 Símenntun starfsmanna	12
6.3.1 Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2019-2020.....	13
7. Starfsáætlun skólaársins 2020-2021	14
7.1 Áherslur í starfi Hulduheima á skólaárinu	14
7.2 Símenntunaráætlun skólaársins 2020-2021.....	14
7.2 Umbótaáætlun Hulduheima 2020-2021	15
7.3 Matsáætlun Hulduheima skólaárið 2020-2021.....	16
7.4 Leikskóladaatal 2020-2021.....	18

Leikskólinn Hulduheimar

Heimilisfang: Erlurimi 1, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-3280

Netfang: hulduheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://hulduheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsskýrslu leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar er gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsskýrslan kynnt foreldrum leikskólabarna.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er farið yfir allt innra mat skólaársins og umbótaáætlun gerð í kjölfarið.

Hér gefur að líta helstu niðurstöður innra mats og upplýsingar um starf Hulduheima skólaárið 2019-2020 og starfsáætlun leikskólans skólaárið 2020-2021 en hún er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er unnin í samráði við kennara leikskólans.

Starfsskýrsla leikskólans skal skilað fyrir 1. október ár hvert til Skólapjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hulduheima.

Selfoss, 1. september 2020

Kristrún Hafliðadóttir
Leikskólastjóri Hulduheima

2. Leikskólastarfið í Hulduheimum

2.1 Stefna Hulduheima

Leikskólinn Hulduheimar starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Námsgvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning en þau eiga að falla inn í alla starfsemi leikskólans.

Í Hulduheimum er hugmyndafræði John Dewey grunnurinn að innra starfi leikskólans. Samkvæmt henni er talið mikilvægt að börnin þekki fortíðina til að skilja nútíðina. Samfélagið og skólinn vinna saman og samband þarf að vera á milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Skólinn er samfélag þar sem lýðræði er haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Reynslan, samfélagið og lýðræðið eru samofin í leikskólastarfinu samkvæmt hugmyndum Dewey. Hlutverk leikskólans er að hafa í huga líf barnanna utan veggja leikskólans og byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar aflað sér og skapa nýja reynslu sem þau geta lært af. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra einstaklinga.

Samkvæmt hugmyndafræðinni er það börnum meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem lýsa á einfaldan hátt í einkunnarorðunum „learning by doing“, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.

Aðalnámsaðferð Hulduheima er könnunaraðferðin (Project Approach) en hún fer vel saman við hugmyndafræði Deweys að því leyti að þar er þekking byggð á reynslu barnanna. Með aukinni reynslu og rannsóknum á viðfangsefninu eykst þekkingin enn frekar.

2.1.1 Markmið Hulduheima

1. *Að mæta barninu þar sem það er stadd*, einstaklingsmiðað nám (menntun og reynsla). Samkvæmt hugmyndafræði Dewey er leikurinn leið til menntunar og þroska, börn öðlast einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína. Nám barna er samfélagsmiðað þar sem barnið lærir í samskiptum við aðra einstaklinga.
2. *Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu* (menntun og samfélag). Börnunum er gefin tækifæri til þess að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Þau fá tækifæri til að læra á og þekkja umhverfi sitt, sögu, náttúru, fyrirtæki og annað sem einkennir umhverfi leikskólans.
3. *Að barnið kynnist lýðræði* (menntun og lýðræði). Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að því að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins.

2.2 Stutt greinargerð um skólastarfið 2019-2020

Skólaárið fór vel af stað og gekk ágætlega en einhver röskun varð á skólastarfi vegna veðurs. Tveir árgangar (2014 og 2015) voru á Sólbakka og Kirsuberjadal og skiptust því elstu börn á þessar tvær deildir. Á Hlynskógum var einn árgangur (2015) mestan part af skólaárinu en svo bættust við tvö börn úr 2016 árgangi. Tveir árgangar voru á Kattholti og Sjónarhóli (2016 og 2017) en þrír á Smálöndum en þar voru fáein börn fædd 2018.

Lóðin eldri megin var tekin í gegn að hausti og því var sá helmingur lóðarinnar lokaður um tíma. Þá var settur upp nýr kastali á lóð eldri megin og einhverjum leiktækjum bætt við að auki. Einnig var skipt um undirlagsmottur og fótboltavöllur lagaður. Vegna þessarar röskunar þurfti að skiptast á með garðinn yngri megin og eins var reynt að fara í gönguferðir út fyrir lóð. Sumarið 2020 var lóðin yngri megin tekin í gegn að hluta. Skipt um undirlagsmottur og ónýt leiktæki fjarlægð en engin komu þó í staðinn. Bíður til vors 2021.

Um miðja haustönn var ákveðið að fara til baka með tímasetningu á hópastarfi eftir að hafa prófað að hafa það klukkan 9. Var nú farið í það fyrirkomulag sem áður var þ.e. að hópastarfið hefjist klukkan 10 að morgni en sá tími hentar betur að mati flestra.

Fljótlega eftir áramót var ákveðið að starfsfólk eldri deilda myndi skiptast á að borða í kaffistofu starfsfólks til þess að minnka umgang í matsal. Það mæltist vel fyrir og hafði góð áhrif á matartíma barnanna.

Á vorönn var mikil röskun á starfinu vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar Covid-19. Frá 16.mars til 4.mái máttu ekki fleiri en 20 vera saman í rými og fullorðnir þurftu að hafa 2 metra á milli sín eins og hægt var í leikskólastarfi. Því gat aðeins helmingur barna á deildum verið í leikskólanum á sama tíma og starfsfólki var einnig skipti niður á vaktir. Skipulagt hópastarf féll niður á þessu tímabili en mjög rólegt var á deildum og náðust því oft miklar gæðastundir með þeim börnum sem voru mætt. Engir aðrir en deildarstarfsmenn og nemendur viðkomandi deilda máttu koma inn á deildir. Allar deildir unnu út af fyrir sig, enginn samgangur var milli deilda í útiveru eða matsal. Afleysingarstarfsmenn voru festir á deildir og fóru í vaktaplan með þeirri deild. Starfsfólk yngri og eldri deilda fóru í kaffipásu sitt hvoru megin í matsalnum og dreifðu sér til að passa bilið. (Skóladagur Árborgar féll niður vegna þessa).

Um sumarið var lögð áhersla á skemmtilega útiveru, útinám og stöðvavinnu í garði.

3.0 Mat á leikskólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, innra- og ytra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Ytra mat er framkvæmt af aðilum utan leikskólans sem hafa með menntamál að gera og þá í umboði sveitarfélags eða mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat á starfi leikskólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt. Foreldrar og börn koma einnig að innra mati eins og fram kemur hér á eftir. Matinu er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Því er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Vegna þess hve skólastarfið er umfangsmikið er ekki hægt að skoða alla þætti á sama tíma. Til þess að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins hefur verið útbúin fjögurra ára matsáætlun þar sem skipulagt er hvenær þættir eru metnir. Nánari útfærsla er svo í matsáætlun fyrir hvert skólaár og þá er bætt við eftir áherslum í starfinu hverju sinni.

3.1 Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2019-2020

Endurmat haust- og vorönn:

Starfsmenn mátu eftir haust- og vorönn og til þess voru notaðir heimatilbúnir matslistar. Metið var á deildarfundum og niðurstöður kynntar og ræddar á starfsmannafundi að hausti en deildarstjórafundum að vori þar sem helstu niðurstöður komu fram í fundargerð. Það sem var tekið fyrir í annarmatslistum voru þættir er varða daglegt starf á deildum, aðlögun, sérstakar uppákomur og svo voru nokkrir þættir í umbótaáætlun og matsáætlun metnir. Það sem helst kom út úr mati haustanna var að innra starf deildanna gekk að mestu vel en margir töluðu um að það hefði verið meira álag að byrja hópastarf klukkan 9. Aðlögun gekk yfir höfuð vel en var aðeins erfiðari á einni deild. Aðlögun barna milli deilda gekk mjög vel. Starfsfólk var ánæggt með foreldraheimsóknirnar og aðrar uppákomur voru skemmtilegar og vel heppnaðar. Aðventan var notalegur tími og allt gekk vel. Lítið svigrúm gafst til faglegra umræðna utan skipulagsdaga.

Starfið gekk almennt vel á vorönn þrátt fyrir takmarkanir í Covid. Rólegt var á deildum því aðeins helmingur barna og starfsmanna var á staðnum á sama tíma. Þá féll þó hópastarf niður en í staðinn var meira um gæðastundir í rólegheitunum. Þegar mestu takmarkanirnar voru vann hver deild hver fyrir sig og deildar mættust ekki í matsal eða útiveru. Foreldrar máttu ekki fara inn á gang í miðju leikskólans þ.m.t inn í sali. Einhverjum uppákomum var breytt vegna takmarkana eða þeir féllu niður. Myndlistarsýning Hulduheima féll niður og eins Vor í Árborg. Vorhátíð leikskólans var haldin án foreldra. Útskrift elstu barna fór fram eins og áætlað en ekki var boðið upp á veitingar að athöfn lokinni.

Ánægja var á öllum deildum með skipulag innan deilda. Starfsfólk byrjaði að tileinka sér einhverjar aðferðir og orðræðu úr agastefnunni þrátt fyrir að ekki var búið að taka hana formlega í notkun.

Nýliðakönnun:

Spurningakönnun var lögð fyrir nýtt starfsfólk í janúar 2020 sem sjö nýliðar svöruðu. Flestum leið vel fyrstu dagana í Hulduheimum og fannst vel tekið á móti sér, gott viðmót og hlýjar móttökur. Sumir töluðu um smá óöryggi eða feimni til að byrja með sem tengdist aðallega því að vita ekki alveg til hvers var ætlast og því að læra reglur og viðbrögð við hegðun barna.

Flestum fannst fræðslan í upphafi nokkuð góð en nefndu hluti sem bætti bæta s.s. að fá tækifæri til að lesa sér betur til í upphafi, fá upplýsingar um barnahópinn og deildina áður en starf á deildinni hæfist, fá betri upplýsingar og leiðbeiningar um hvernig má taka á hegðun og sérþörfum barna. Einhverjir hefðu viljað hafa nýliðanámskeiðið fyrr (það var seinni partinn í september).

Foreldrakönnun:

Netkönnun var send út til foreldra í janúar 2020. Notast var við Survey Monkey til að safna svörum og var tengill settur inn á facebooksiður deildanna. Í leikskólanum voru um 118 börn á þessum tíma. Sjötíu og níu foreldrar svöruðu könnuninni en ekki er vitað hvort að þarna væru svör frá báðum foreldrum einstaka barna (þó er gert ráð fyrir að aðeins annað foreldri hafi svarað). Enskumælandi foreldrar fengu þýðingu á spurningunum. Langflestir foreldrarnir töldu að barninu sínu liði vel í leikskólanum en 3 sögðust ekki vita það eða geta ekki svarað. Flestir sögðust fylgjast með námi og framförum barnsins en tveir gátu ekki svarað. Þegar spurt var um hvort að foreldrar fengju nægar upplýsingar um leikskólastarfið voru rúm 66% sem sögðust fá nægar upplýsingar. 28% sögðust ekki fá nægar upplýsingar og 5% gátu ekki svarað. Langflestir fundu sig velkomnir inn á deild barnsins síns. Um 91% foreldra töldu sig fá mjög eða frekar gott viðmót frá starfsfólki, einn sagði hvorki gott né slæmt og einn sagðist fá mjög slæmt viðmót. Um helmingur foreldra sagðist vilja koma oftár í heimsókn í leikskólann en aðrir vildu það ekki eða voru ekki vissir. Flestir foreldrar telja mikilvægt að mæta á foreldrafundi þegar þeir eru í boði. Þeir sem voru með barnið sitt í aðlögun að hausti svöruðu spurningu um hvernig aðlögunin gekk. Tæplega 60% töldu að aðlögunin hefði gengið frekar eða mjög vel, 20% sögðu hvorki vel né illa og 10% sögðu frekar illa. Foreldrar voru almennt mjög ánægðir með foreldraheimsóknir að hausti, þeim finnst gaman að sjá myndir úr starfinu á facebooksiðum deildanna og leggja áfram áherslu á gott upplýsingaflæði t.d með því að skrifa á töflu fyrir utan deild í lok dags og fá reglulega upplýsingar um líðan barnsins í leikskólanum. Hægt er að sjá helstu niðurstöður könnunarinnar á heimasíðu leikskólans <http://hulduheimar.arborg.is/>.

Mat á námssviði:

Tekið var fyrir námssviðið *Heilbrigði og vellíðan* á skipulagsdegi í febrúar. Skipt var í hópa þar sem lesinn var stuttur kafli um námssviðið úr Aðalnámskrá. Því næst voru umræður um hvað heilbrigði og vellíðan er, hvernig birtist það í starfi okkar í Hulduheimum og hvernig við getum gert betur til að efla heilbrigði og vellíðan í starfinu. Hver hópur skrifaði hjá sér og voru svo áframhaldandi umræður allra í sal. Niðurstaðan var sú að í öllu okkar starfi er komið inn á þennan mikilvæga námsþátt sem væri í raun undirstaða alls annars. Ef börnunum líður vel, þau eru hraust, vel úthvöld, vel nærð og grunnþörfum þeirra er mætt þá eru þau betur í stakk búin fyrir námið í leikskólanum. Ýmsar hugmyndir komu um hvað við getum gert betur s.s. efla ögrandi og krefjandi útivist, setja viðmið um svefn og auka fræðslu um mikilvægi svefns barna, huga betur að jafnvægi milli hreyfingar og kyrrsetu, halda áfram að minnka áreiti í matartímum og skipta börnum oftár niður í smærri hópa. Einnig kom fram að starfsfólk þyrfti einnig að huga vel að eigin heilsu vegna þess að börnin væru næm á líðan fullorðinna.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir vorið 2020. Fjöldi svarenda var 33 af 38 skráðum, þ.e. 86,8% svarhlutfall. Könnunin var í 7 liðum; starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstími og að lokum voru opnar spurningar. Helstu niðurstöður voru þær að starfsfólk taldi sig almennt öruggt í starfi sínu með börnunum, gátu nýtt kunnáttu sína og færni, fannst starfið krefjandi í jákvæðri merkingu og fannst starfið mikilvægt. Starfsfólk taldi sig fá mikinn stuðning frá samstarfsfólki sínu og fá hvatningu til að standa sig sem best í starfi. Um helmingur svarenda taldi að vinnuálag væri stundum óreglulegt svo að verkefnið hlaðist upp. Tæpur helmingur sögðust þurfa stundum að vinna á miklum hraða, 33% töldu að þau þurfi fremur eða mjög oft að vinna á miklum hraða. Stór hluti starfsmanna töldu starfsandann afslappaðan og þægilegan (nokkuð, fremur eða mjög mikið) og eins töldu margir starfsandann vera hvetjandi og styðjandi (nokkuð, fremur eða mjög mikið). Þá fannst fáum að starfsandinn einkenndist af tortryggni og vantrausti. Í könnuninni kom fram að flestir eða 72,7% höfðu mjög sjaldan eða aldrei tekið eftir mismunum í framkomu gagnvart körlum og konum á vinnustaðnum, 15,2% segja fremur sjaldan eða stundum en 12,1%(N=4) segja fremur oft. 60,6% höfðu mjög sjaldan eða aldrei tekið eftir mismunum í framkomu gagnvart eldri og yngri starfsmönnum á vinnustaðnum, 30,3% segja fremur sjaldan eða stundum, 9,1% (N=3) sögðu fremur oft, mjög oft eða alltaf.

Tveir starfsmenn töldu sig hafa orðið fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum undanfarna 6 mánuði. Fimm starfsmenn sögðust hafa séð 1-2 starfsmenn lagða í einelti eða verða fyrir áreitni á vinnustaðnum undanfarna 6 mánuði.

Flestir starfsmenn töldu sig geta fengið stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni og að hann mæti vinnuframlag sitt að verðleikum. Einnig töldu tæplega 82% starfsmenn að næsti yfirmaður úthlutaði verkefnum á hlutlausan og réttlátan hátt og eins voru um 85% sem sögðu að næsti yfirmaður kæmi fram við starfsmenn af réttlæti og jafnræði. Flestum þótti vel hugsað um starfsfólk á vinnustaðnum. Um helmingur sagði að sér væri fremur eða mjög oft umbunað fyrir vel unnin störf á vinnustaðnum en 42% sögðu stundum eða fremur sjaldan. Um 85% svarenda var frekar eða mjög sammála því að samstarfið á deildinni sinni væri gott. Samstarf milli deilda þótti mjög gott og einnig samstarf allra í leikskólanum. Starfsfólk var frekar eða mjög sammála um að deildarstjórnarnir ynnu saman í leikskólanum.

Starfsfólk virtist hafa góða trú á eigin getu við uppeldi og menntun barnanna og taldi sig jafnframt ráða vel við daglegt skipulag. Það sem starfsfólk virtist helst glíma við í starfi með börnunum og það sem þótti erfiðara var stuðningur við börn með sérþarfir.

Varðandi símenntun taldi starfsfólk sig hafa mesta þörf fyrir þekkingu/færni varðandi börn með sérþarfir og hegðun barna og samskipti. Meirihluti starfsmanna (62,1%) hefði viljað taka þátt í meiri símenntun á síðustu 12 mánuðum. Það sem helst hindraði starfsfólk í að taka þátt í meiri símenntun var að ekki voru í boði áhugaverðir kostir og það taldi of lítið svigrúm vegna vinnutíma. Fjölskylduaðstæður þótti einnig nokkur hindrun. Í opnum spurningum kom m.a. fram að þörf væri á að auka hlutfall leikskólakennara við leikskólann og fækka börnum á deildum.

Mat á skipulagi náms og námsaðstæðum:

Starfsfólk á deildum svaraði matslista í maí um skipulag náms og námsaðstæður. Samkvæmt helstu niðurstöðum voru kostirnir þessir:

- Svæði inni á deildum vel nýtt. Útisvæði vel nýtt og nærumhverfi nokkuð vel nýtt (meira á eldri deildum).
- Mikið til af aðgengilegum efniviði og námsgögnum sem er örvandi og fjölbreyttur.
- Sögupokarnir góð viðbót við efnivið sem vekur forvitni og áhuga barnanna.
- Efniviður endurspeglar margbreytileika mannlífsins nokkuð vel, er að aukast.
- Reynt að dempa hljóð t.d með mottum, dúkum og gardínum.
- Vinnuaðstaða er nokkuð góð og hefur aðeins verið bætt við.
- Stuðlað er að alhliða þroska og menntun barna í dagskipulagi og viðfangsefnum. Gott jafnvægi milli festu á sveigjanleika á deildum.

Það sem mætti taka til athugunar var eftirfarandi:

- Auka við opinn efnivið sem örvar ímyndunarafli, sköpun og skynjun.
- Meira föndurefni. Helst vantar pappír, sérstaklega karton. Mætti vera til meira af efnivið- byrðir af því helsta. Límbýssa á hverri deild. Fleiri tegundir af litum t.d. klessulitir. Stundum bið eftir efni.
- Þarf að vera grunnefniviður í listasmiðjum sem má ekki fara með þaðan eins og t.d. litir, skæri, lím og fleira.
- Meira efnivið í verklegt dundur, fínhyfivinnu og smíðavinnu. Líka gaman að hafa alvöru efnivið- skrúfur og rær ofl.
- Nýta húsnæði betur s.s. listasmiðjur
- Hljóðvist er ábótavant, sérstaklega í matsal og fataklefum þegar allir eru þar í einu
- Má endurnýja lúinn efnivið s.s. bækur og púsl
- Viðhald á leiktækjum á útisvæði+ sólpöllum. Loka pöllum- munar öllu!
- Auka samgang milli deilda yngri megin
- Bæta enn frekar vinnuaðstöðu í undirbúningsherbergi, meira borðpláss og skúffur.
- Bæta aðstöðu í matsal s.s taka pallinn. Skipta út stólum fyrir starfsfólkið.

Mat nemenda:

Nemendur tóku einnig þátt í innra mati. Í nóvember var gerð tilraun til þess að vera með rýnihópa barna. Ákveðið var að vera með þrjá hópa þar sem væru 3 börn fædd 2014 og 2 fædd 2015. Börnum var skipt í hópa með þeim hætti að nöfn barnanna voru sett á miða og þá dregin út nöfn fyrir hvern hóp. Ekki var hugað að kynjahlutföllum en blöndun var misjöfn. Í einum hópi voru flestir strákar en í hinum tveimur var blöndunin jafnari. Umræðurnar voru teknar upp á I-pad en þær snerust m.a. um hvað börnunum þætti skemmtilegast í leikskólanum og hvað erfiðast eða leiðinlegast. Einnig voru þau spurð hvort þau vissu alltaf hvað ætti að gera og hvort þau fengju að ráða einhverntíma eða segja hvað þeim finnst. Þau voru einnig spurð um matinn og líðan í matsal. Börnin nefndu ýmislegt sem þeim fannst skemmtilegast í leikskólanum og var af ýmsu að taka. Sumir nefndu að það væri erfitt að fara út og að það væri ekki gaman á meðan öðrum fannst skemmtilegast úti. Einhverjum fannst erfitt í hvíld. Börnin sögðust stundum fá að ráða í leikskólanum t.d. í vali og hvaða dót þau vilja í útiveru. Flestum leið vel í matsal og fannst nýju borðin góð. Ýmsar skoðanir voru á matnum og var ýmis skyndibitamatur nefndur sem er sjaldan í boði í leikskólanum. Það sem stóð upp úr eftir rýnihópaviðtölin var hversu mikilvægt er að börnin fái tækifæri til umræðna

á borð við þessar. Þrátt fyrir að viðhorf barnanna miðist oft við líðan þeirra þann dag og það sem er nýbúið að gerast er þetta gott tækifæri til að ræða hvað þeim finnst um ýmislegt og að þau geri sér grein fyrir að ekki eru allir á sömu skoðun.

Tveir elstu árgangar svöruðu svokölluðu broskarlamati í maí 2020 þar sem líðan þeirra í leikskólanum var könnuð. Alls 63 svöruðu könnuninni með aðstoð kennara. Einnig voru spurningar er varða sjálfsmynd barnanna og vinatengsl. Helstu niðurstöður voru þær að börnunum líður yfir höfuð vel í leikskólanum, telja sig öll eiga vini, fá oftast aðstoð þegar þau óska eftir og mega oftast gera það sama og hinir í hópnum sínum. Ýmsar athugasemdir sem börnin komu með voru skráðar ásamt niðurstöðum og settar inn á deildirnar til skoðunar. Matsblað hvers og eins fór í ferilmöppu þeirra.

Mat á umbótaþáttum frá síðasta skólaári:

- Efla faglegar umræður og ígrundun- *Lítill tími gafst til faglegra umræða utan skipulagsdaga og á deildarfundum þegar verið er að meta ákveðna þætti í starfinu eða eitthvað sérstakt liggur fyrir. Mest var rætt um agastefnu Hulduheima.*
- Efla fræðslu um börn með sérþarfir- *á Haustþingi var boðið upp á fyrirlestur um einhverfu. Starfsfólk Hulduheima var upplýst um þroskafrávik barna á deildum.*
- Efla þekkingu og kunnáttu starfsmanna að takast á við erfiða hegðun- *umræður á skipulagsdögum vegna innleiðingar agastefnu Hulduheima.*
- Bæta nýliðafræðslu- *haldinn var nýliðafundur að hausti og var það nýjung. Nýliðar virtust aðeins betur upplýstir en árið áður.*
- Bæta upplýsingaflæði- *Í opnum spurningum í foreldrakönnun Skólapúlsins skólaárið á undan hafði komið fram að foreldrar óskuðu eftir betra upplýsingaflæði. Reynt var að koma til móts við foreldra í þessum efnum og upplýsingaflæði bætt eins og hægt var. Í netkönnun sem var send úr leikskólanum í janúar 2020 kom fram að 65,82% foreldra sem svöruðu töldu sig fá nægar upplýsingar en 27,85% taldi sig ekki fá nægar upplýsingar og vildi heyra meira. Á skólaárinu var líka bætt úr daglegu upplýsingaflæði og einn starfsmaður á hverri deild gerður ábyrgur fyrir því að skrifa á upplýsingatöflur. Reglulega eru umræður meðal stjórnendateymis og starfsfólks um hvernig bæta megi upplýsingaflæði til foreldra. Einnig er upplýsingaflæði meðal starfsfólks reglulega í endurskoðun og reynt að bæta það eins og kostur er.*
- Minnka áreiti í matsal- *einn liður í því var að starfsmenn eldri deilda skiptast á að borða í kaffistofu og getur þá starfsmaður í sal einbeitt sér alfarið að því að sinna börnunum. Yngra megin var aðstoð í sal bætt þannig að starfsfólk þarf ekki að vera sífellt að standa upp frá borði.*
- Að vinna betur með viðburði og sérstakar uppákomur- *það gekk betur, á deildarstjórafundi var farið yfir það sem framundan var. Búið var til skipulag þannig að deildir skipta með sér að skipuleggja sameiginlega stærri viðburði með reglubundnum hætti.*
- Vinna með einkunnarorðin og stefnu skólans- *Lítið teymi vann með einkunnarorðin á skipulagsdegi í þeim tilgangi að koma með hugmyndir um hvernig hægt væri að gera þau meira áberandi og áþreifanlegri í starfinu. Ekki gafst færi á frekari vinnu en það verður gert á nýju skólaári.*

- Bæta vinnuástöðu í undirbúningsherbergi- *Húsgögn og hlutir voru fjarlægðir til að gera meira rými í undirbúningsherberginu. 6 skrifborðsstólar voru keyptir og skipt út í stað eldri stóla.*

4. Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf

4.1 Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar)

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2019. Taka skal fram að um meðaltöl á dvalartíma eru að ræða.

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2019 var 117.

Aldursskipting	
Börn fædd 2014	22
Börn fædd 2015	41
Börn fædd 2016	27
Börn fædd 2017	23
Börn fædd 2018	4

Dvalartími	Fjöldi barna
4 tímar	1
5 tímar	4
6 tímar	2
7 tímar	3
8 tímar	46
9 tímar	61

4.1.1 Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings

Með sérstakan stuðning er átt við þau börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Einnig er um að ræða börn sem þurfa sérstaka þjálfun tímabundið vegna seinkunar í mál- og/eða hreyfiproska sem og börn með annað móðurmál en íslensku. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2019.

21 barn nutu sérstaks stuðnings en unnið var með þau einstaklingslega og/eða í litlum hópum innan og utan deilda með aðkomu sérkennslustjóra og iðjuþjálfna.

Sérkennslustjóri hélt utan um fundargerðir fyrir teymisfundi, einstaklingsnámskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2 og þau sem komu slök út fengu auka þjálfun í hljóðkerfisvitund.

4.1.2 Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Samkvæmt upplýsingum sem sendar voru í skýrslu Hagstofu Íslands í desember 2019 voru 7 tvítyngd börn og tungumálin voru 5.

4.2 Foreldrasamvinna

Í leikskólum er mikilvægt að viðhafa öflugt og gott samstarf við foreldra með gagnvirku upplýsingaflæði milli heimilis og skóla þar sem málin eru rædd jafnóðum ef eitthvað kemur upp á. Þá er einnig mikilvægt að foreldrar finni að þeir séu velkomnir í leikskólann og að skapaður sé grundvöllur fyrir góðum samskiptum.

Á skólaárinu voru nokkrir viðburðir þar sem foreldrum var boðið að taka þátt. Á haustönn var boðið upp á kynningarfundir og foreldrafund auk þess sem deildar buðu foreldrum að taka þátt í ýmsu starfi svo sem hópastarfi, söngstund og frjálsum leik. Foreldrar, börn og starfsfólk var mjög ánægt með þessar heimsóknir. Á vorönn var boðið upp í bónda- og konudagskaffi en myndlistarsýningu Hulduheima var aflýst sökum takmarkana vegna Covid-19 faraldursins. Einnig er vaninn að foreldrar taki þátt í vorhátíð leikskólans en vegna Covid-19 var ákveðið að bjóða ekki foreldrum með þetta árið. Hins vegar voru foreldrar elstu barna viðstaddir útskrift þeirra.

4.2.1 Foreldraráð.

Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti. Á skólaárinu voru starfandi 7 fulltrúar sem einnig gegndu hlutverki stjórnar foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Góð samvinna var með foreldraráðinu og leikskólanum eins og verið hefur undanfarin ár.

4.2.2 Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélaginu en á skólaárinu voru starfandi 7 fulltrúar í stjórn sem einnig sátu í foreldraráði. Foreldrafélagið bauð meðal annars upp á jólaball utan leikskólans, leiksýningu, gjöf til útskriftarnemenda og

skyndihjálparnámskeið fyrir foreldra. Fleira stóð til að gera en þurfti að aflýsa því vegna takmarkana Covid-19. Við fengum einnig góðar gjafir frá foreldrafélaginu t.d. á afmæli leikskólans og færum við þeim bestu þakkir fyrir.

4.2.3 Foreldrafundur, foreldrafræðsla.

Kynningarfundir vegna vetrarstarfs yngri og eldri deilda voru haldnir í byrjun október og var hver deild með sinn dag úthlutaðan, fundirnir fóru fram milli 15 og 16 og allt starfsfólk deildarinnar tók þátt. Á fundunum er farið yfir innra starf deildanna og ýmsir þættir útskýrðir og ræddir. Aðalfundur foreldrafélagsins í höndum stjórnar foreldrafélagsins er iðulega haldinn snemma að hausti. Foreldrafélagið stendur gjarnan fyrir fræðslu til foreldra um ýmis viðeigandi málefni. Þennan veturinn var boðið upp á skyndihjálparnámskeið fyrir foreldra. Einnig stóð til að bjóða upp á fyrirlestur talmeinafræðings um læsi en vegna Covid-19 takmarkana þurfti að fella hann niður.

4.2.4 Foreldraviðtöl.

Foreldrar nýrra nemenda voru boðaðir í einkaviðtöl við deildarstjóra áður en aðlögun hófst. Foreldraviðtöl eru tekin tvisvar sinnum yfir árið (eitt á hvorri önn) og er þá miðað við að upplýsingar /niðurstöður úr TRAS, HLJÓM- 2 og Orðaskil séu sem nýjastar. Foreldraviðtöl á yngri deildum á vorönn fóru fram og einnig foreldraviðtöl elstu barna vegna skólaskila þrátt fyrir takmarkanir vegna Covid 19. Önnur viðtöl féllu niður.

Teymisfundir vegna barna sem eru með greiningu eða þurfa sérstakt utanumhald eru haldir reglulega yfir skólaárið eða eins og þurfa þykir. Á teymisfundum sitja foreldrar, sérkennari/þroskaþjálfari, deildarstjóri og utanaðkomandi ráðgjafar.

4.2.5 Upplýsingaflæði til foreldra

Deildarstórar gefa út fréttabréf mánaðarlega og birta á facebooksíðu deildanna sem og önnur tilfallandi skilaboð og upplýsingar. Fréttabréf frá leikskólastjórnendum er sent út einu sinni á ári, að hausti, en að öðru leyti sendir leikskólastjóri foreldrum tölvupóst þegar koma þarf skilaboðum til þeirra. Einnig má sjá allar almennar upplýsingar er varða leikskólann á heimasíðunni hulduheimar.arborg.is

5. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

Leikskólinn tengist hinum ýmsu stofnunum í samfélaginu og starfsfólkið nýtur þverfaglegar samvinnu og ráðgjafar við ýmsa aðila innan og utan leikskólans.

5.1 Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Í mars 2019 var nýtt skipurit tekið í notkun í sveitarfélaginu þar sem rekstrinum var skipt upp í fjögur fagsvið. Leikskólarnir tilheyra því fjölskyldusviði en sviðsstjóri þar er Þorsteinn Hjartarson. Undir fjölskyldusviði heyrir fræðsluþjónusta, skólar, ráðgjafaþjónusta, virkni- og stuðningsþjónusta og menningar- og frístundarþjónusta. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf m.a. um stefnumótun, snemmtæka íhlutun, forvarnir, fræðslu og ráðgjöf. Með nýju skipulagi er lögð áhersla á að bæta samvinnu milli sviða og gera þjónustu við fjölskyldur skilvirkari. Strax að hausti var fyrirkomulagi ráðgjafteymisfunda breytt og þeir ráðgjafar sem sátu þá fundi á vegum fjölskyldusviðs var verkefnisstjóri snemmtækrar íhlutunar, leikskólaráðgjafi, sálfræðingur, félagsráðgjafi og ráðgjafaþroskaþjálfari og í sumum tilfellum

kennsluráðgjafi fjölmenningar og fulltrúi heilsugæslu. Þeir sem sátu fundina á vegum leikskólans voru deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Ráðgjafar frá skólajónustu komu einnig inn í leikskólann til að fylgjast með og veita sérstaka ráðgjöf bæði til foreldra og starfsfólks og má þar nefn kennsluráðgjafa fjölmenningar, talmeinafræðing, sálfræðing og leikskólaráðgjafa.

5.2 Samstarf leik- og grunnskóla

Í Árborg er starfandi faghópur vegna samstarfs leik- og grunnskóla sem kallar sig „Brúum bilið“ en þar sitja fulltrúar allra leik- og grunnskóla ásamt kennsluráðgjöfum beggja skólastiga. Hópurinn sér um að skipulagi um samstarf skólastiganna sé fylgt og fundu reglulega yfir skólárið. Samstarfið við grunnskólana gekk mjög vel. Nemendur fyrsta bekkjar komu í tvær heimsóknir í leikskólann á haustönn. Snemma á vorönn fóru svo elstu nemendur leikskólans í heimsókn í grunnskólana. Vorskóli var í báðum grunnskólum á Selfossi í maí en það er heldur seinna en vanalega, það útskýrist af Covid-19 takmörkunum. Þá voru einnig hinir árlegu skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann.

5.3 Samstarf við háskólana

Á skólaárinu voru fjórir leikskólakennaranemar í verknámi í Hulduheimum. Tveir af þeim voru á fyrsta ári en hinir tveir á þriðja ári. Vegna Covid-19 takmarkana í mars gátu þriðjaársnemarnir ekki klárað verknámstímabil sitt í Hulduheimum.

5.4 Annað samstarf

Elstu börn leikskólans fengu árlega heimsókn frá slökkviliði Árborgar. Í Árborg er lögð áhersla á samvinnu og samráð milli stofnana og er það gjarnan í teyllum sem stofnuð eru um ákveðin málefni. Þetta skólaár var starfandi fræðsluteymi sem fjallaði meðal annars um nýja skólastefnu Árborgar. Einnig hefur verið starfandi fjölmenningatæmi þar sem eru fulltrúar frá öllum skólum Árborgar en þetta skólaár var unnið með handbók um fjölmenniningu í skólum Árborgar.

6. Starfsmannamál

Í desember 2019 störfuðu 39 starfsmenn við leikskólann í mismiklu starfshlutfalli. Þar af voru 7 leikskólakennarar, einn iðjubjálfi og einn þroskabjálfi. Einn leikskólakennari var í veikindaleyfi allt skólaárið og því ekki talinn með í fjölda starfandi leikskólakennara. Einn leikskólakennari bættist við á vorönn 2020. Fjórir voru í námi í leikskólakennarafræðum og tveir af þeim í ólaunuðu námsleyfi allan veturinn. Tveir starfsmenn voru í námi í grunnskólakennarafræðum og voru báðir í hlutastarfi og annar auk þess að hluta til í námsleyfi. Aðstoðarleikskólastjóri lauk meistaranámi í stjórnun menntastofnana.

Starfspróunarsamtöl fóru fram í lok apríl og maí og fengu allir starfsmenn boð um að mæta. Samtölin voru seinna á ferðinni en venjulega sem skýrist af Covid-19 takmörkunum og að starfsfólk vann á vöktum á því tímabili sem mestu takmarkanirnar voru. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu með sér samtölunum. Gefin var hálf klukkustund í samtalið sem fór fram á skrifstofum stjórnenda. Viðtöl við deildarstjóra tóku leikskólastjórnendur saman og var gefin klukkustund í þau viðtöl.

6.1 Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2019-2020

Starfsheiti	Nafn
Leikskólastjóri:	Kristrún Hafliðadóttir
Aðstoðarleikskólastjóri:	Sólveig Dögg Larsen
Sérkennslustjóri:	Jensína Kristín Gísladóttir
Deildarstjóri Hlynskóga:	Þórunn Sif Ólafsdóttir
Deildarstjóri Sólbakka:	Þorbjörg Birgisdóttir
Deildarstjóri Kirsuberjadals:	Kristín Bjarnadóttir
Deildarstjóri Kattholts:	Júlíana Auðunsdóttir
Deildarstjóri Sjónarhóls:	Íris Erla Sigurðardóttir
Deildarstjóri Smálanda:	Jóna Kristín Jónsdóttir

6.2 Fundarhöld.

- Morgunfundir voru haldnir daglega klukkan 8:50 á þar sem farið var yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn.
- Deildarfundir voru hálf tíma einu sinni í viku.
- Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku. Á þeim fundum sitja allir deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.
- Samráðsfundir skólabjónustu voru haldnir með 6 vikna millibili að jafnaði.
- Einn fagfundur var haldinn 22.maí 2020 en þar fundu allir leikskólakennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn.
- Fundur fyrir nýliða var haldinn 25.september þar sem farið var í réttindi og skyldur starfsmanna og rætt um innra starf leikskólans.
- Auk þeirra starfsmannafunda sem haldnir voru innan starfsdaga var einn starfsmannafundur á haustönn haldinn utan vinnutíma. Hann var í lok september. Vinnuteymisfundir voru áætlaðir einu sinni í viku. Erfitt reyndist að halda þessum vikulegu teymisfundum en agateymið var eina teymið sem var starfandi á skólaárinu.
- Samráðsfundir stjórnenda og eldhúss annars vegar og stjórnenda og sérkennslustjóra hins vegar voru með reglulegu millibili í vetur, viðmiðið var að fundu annanhvern mánuð en ekki náðist það alltaf. Til að mynda voru engir fundir á meðan takmarkanir vegna Covid-19 voru sem strangastar.
- Samráðsfundir leikskólastjóra í Árborg, fræðslustjóra og leikskólaráðgjafa voru einu sinni í mánuði.
- Sérkennslustjórar í leikskólum Árborgar funduðu einnig mánaðarlega í vetur.
- Faghópur um samstarf leik- og grunnskóla fundaði að vanda reglulega yfir skólaárið.
- Fræðsluteymi og fjölmenningsarteymi funduðu nokkrum sinnum yfir skólaárið.

6.3 Símenntun starfsmanna

Góð símenntun er nauðsynleg til að viðhalda fagmennsku og starfsþróun innan leikskólans. Hún er liður í umbótum samkvæmt innra mati starfsmanna og mikilvæg til að viðhalda þeim áherslum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðsluerindi en einnig er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi símenntun. Leikskólastjóri auglýsir fræðsluerindi/námskeið (frá sveitarfélagi og fleiri aðilum) jafnóðum og þau berast og starfsmenn koma með sínar óskir um að sækja þessi námskeið. Leikskólinn greiðir námskeið og fyrirlestra sem eru á starfsdögum en einnig þau sem tengjast mikilvægum þáttum leikskólastarfsins s.s skyndihjálpi, ART, Tras og Hljóm- 2 og námskeið

vinnueftirlits. Önnur námskeið og fræðsluerindi sem kennarar sækjast eftir að fara á greiða þeir sjálfir en fá endurgreitt frá sínu stéttarfélagi.

Þar sem tilboð um símenntun berast leikskólanum allt skólaárið er ekki hægt að skipuleggja alla símenntun skólaársins að hausti en í starfsáætlun má sjá hvaða símenntun er þegar ákveðin fyrir komandi skólaár.

6.3.1 Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2019-2020

Fimm skipulagsdagar voru á liðnu skólaári og einn starfsmannafundur.

- Starfsmannafundur 25.september – Nýliðafundur og ýmis mál, deildarvinna.
- Haustþing 8. deildar FL og FSL var haldið 4. október á Hótel Selfossi en þingið er haldið fyrir alla starfsmenn leikskóla í 8. deild. Þar voru í boði fjölbreyttir fyrirlestrar og fræðsluerindi.
- Starfsdagur 4. nóvember – Farið var í leikskólaheimsóknir að morgni. Álfaborg í Reykholti og Leikholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Eftir hádegi voru umræður og mótun agastefnu og einnig var fjallað um nýjungar í Lubba námsefni. Fundir og deildarvinna í lok dags.
- Skipulagsdagur 3. febrúar – Ásamt fundarhöldum var farið í stöðvavinnu þar sem kynntar voru hugmyndir um efni í tónlistarstundum, hreyfistundum, samverustundum og spilastundum. Einnig vorum við með hópaskiptar umræður um námssviðið Heilbrigði og vellíðan en niðurstöður hópanna ræddar á sal.
- Skipulagsdagur 16.mars – Skóladagur Árborgar sem átti að vera 18.mars féll niður. Skipulagsdagur nýttur til að ræða takmarkanir vegna samkomubanns og skipulag komandi daga og vikna.
- Skipulagsdagur 4.maí- Fjöldatakmarkanir rýmkaðar. Skipulagsdagur nýttur til að skipuleggja sumarstarf, ditta að og fegra umhverfið. Einnig var farið í gönguferð þar sem farið var á staði í nærumhverfi leikskólans sem nýtast vel til útiveru og útináms.

Auk þeirrar símenntunar sem hefur verið tilgreind á skipulagsdögum sóttu starfsmenn ýmis námskeið og fyrirlestra, þá ber að nefna:

Hvenær:	Hverjir sóttu:	Efni:
23.september	1 deildarstjóri	Sögupokar
3.október	4 starfsmenn	Lubbanámskeið
11.október	1 deildarstjóri	Útinám
24.okt +14.nóv.	1 deildarstjóri	TRAS réttindanámskeið
16.janúar	Sérkennslustjóri	Tengslamyndun barna
28.janúar	Iðjuþjálfari	Bitsboard
29.janúar	Leikskólastjórnendur	Starfsmannasamtöl
5.og 6.feb.+26.maí	Iðjuþjálfari	AEPS námskeið
2.mars	4 deildarstjórar	Sögupokar
3.mars	Leikskólastjórnendur	Völunámskeið

7. Starfsáætlun skólaársins 2020-2021

7.1 Áherslur í starfi Hulduheima á skólaárinu

Mest áhersla verður lögð á að innleiða agastefnu Hulduheima með því að kynna hana vel fyrir öllu skólasamfélaginu, ræða hana í starfsmannahópnum og æfa vinnubrögð. Allir foreldrar fá afrit af agastefnunni.

Eftir áramót hefst markviss vinna með einkunnarorð leikskólans með umræðum við börn og starfsfólk þar sem eitt einkunnarorð er tekið fyrir í einu. Einnig verða einkunnarorðin gerð sýnileg um allan leikskólann.

Leitast verður við að fjölga fagfundum og efla þannig faglegar umræður og auka þátttöku fagfólks í ákvarðanatöku.

Foreldrafræðsla verður aukin með því að gefa út fræðslumola tvisvar sinnum á önn þar sem fjallað er um þroska barna og vellíðan út frá ýmsum hliðum.

7.2 Símenntunaráætlun skólaársins 2020-2021

Dags.	Símenntun	Hvar
Skipulagsdagur 25.september	Nýliðafræðsla og innleiðing agastefnu	Hulduheimar
Fræðsludagur 9.október	Ýmis fræðsla	Hulduheimar
Starfsmannafundur	Vinnutímastytting	Hulduheimar
Skipulagsdagur 2.nóvember	Innleiðing agastefnu. Fræðsla og umræður um frjálsa leikinn.	Hulduheimar
Skipulagsdagur 4.febrúar	Námssviðið Sjálfbærni og vísindi	Hulduheimar
Fræðsludagur leikskólanna 17.mars	Ýmis fræðsla	Ekki ákveðið
Maí/júní	Námsferð innanlands	Innanlands

Starfsmenn á eldri deild fara á Art námskeið í byrjun árs.

Auk þessa er lögð áhersla á að starfsmenn komist á námskeið og ráðstefnur sem eru reglulega auglýst og í boði fyrir starfsmenn Árborgar.

7.2 Umbótaáætlun Hulduheima 2020-2021

Markmið	Leiðir
Einfalda matskerfin hjá okkur	Einfalda matsblöðin, ekki margar spurningar í hverjum lið Halda áfram með broskarlamat barnanna Fara yfir ferilmöppur og einfalda listann yfir það sem á að vera í þeim. Nota möppurnar meira og hafa sýnilegri foreldrum.
Innleiðing Agastefnu Hulduheima	Hafa hana sýnilega á öllum deildum Hafa orð úr henni upp á veggjum Taka fyrir einstök orð og vinna með t.d. á deildarfundum Kynna hana vel í upphafi anna bæði fyrir starfsfólki og foreldrum Nota klípusögur og dæmi til þess að átta sig betur á hvernig agastefnan virkar Fækka árekstrum og gosvöldum.
Fleiri fagfundir	Nýta betur tímann með fagfundi í huga Nýta skipulagsdaga og starfsmannafundi fyrir fagfundi. Nýta daga fyrir frí og eftir frí.
Auka foreldrafræðslu	Viskubrunnur fyrir foreldra Senda til foreldra ýmsa fræðslu s.s. um svefn barna, næringu, leikinn o.fl. Tvisar á önn væri nóg til að byrja með Velja einhver erindi sem skipta máli hverju sinni
Foreldraviðtöl	Í dag bjóðum við upp á tvö foreldraviðtöl og við höldum því áfram. Annað viðtalið er skyldumæting en hitt jafnvel val. Leyfa foreldrum að velja með hliðsjón af þörf.
Bæta enn móttökur nýliða	T.d.markvissa endurgjöf og eftirfylgni. Halda áfram með nýliðafundi á haustönn. Deildarstjórar taka viðtöl við sitt fólk í sept/okt, ekki gleyma þeim sem starfa í afleysingum
Vinna með einkunnarorðin og stefnu skólans	Teymið hefur kynnt sínar hugmyndir. Virðing – lýðræði – samfélag, hafa orðin sýnileg, nýta okkur logoið oft og víðar. Hafa orðin sýnileg við alla innganga Hulduheima. Vinna með orðin á deildum Tilvitnanir á veggjum frá John Dewey.
Viðhorfavinna bæði til samstarfsfélaga, barna og foreldra	Viðhafa gott viðmót við alla Virða skoðanir og stöðu annarra Virða öll störf, virða fjölbreytileikann Vinna saman í teyimum og nýta það besta sem hver og einn hefur upp á að bjóða.

7.3 Matsáætlun Hulduheima skólaárið 2020-2021

Hvað á að meta?	Viðmið/markmið	Hvernig meta?	Hvenær meta?	Hver metur?
Móttöku nýliða	Að taka vel og markvisst á móti nýju starfsfólki	Spurningarlisti til nýliða. Ræða á deildarstjórafundi.	Nóvember	Nýliðar og deildarstjórar
Hvernig gengur að innleiða agastefnu og tileinka sér vinnubrögð	Að allt starfsfólk nái að tileinka sér hugmyndafræði og verklag samkvæmt agastefnunni.	Í endurmatslistum haust og vorannar	Haust og vor	Allt starfsfólk deilda
Líðan barna í leikskólanum	Að börnum líði vel og séu að njóta sín í leik og starfi	Broskarlamat Spurningar til starfsfólks í endurmati haustannar.	Desember-janúar.	Börn. Starfsfólk deilda. Foreldrar
Leita eftir viðhorfum foreldra til ýmissa þátta	Að bæta samvinnu og veita foreldrum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri	Foreldrakönnun Skólapúlsins og í foreldraviðtölum	Könnun að vori. Viðtöl samkvæmt áætlun	Foreldrar
<i>Námssviðið: Sjálfbærni og vísindi.</i>	Að unnið sé samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Efla faglegar umræður.	Lesefni fyrir starfsmenn á deildum, matslisti fylltur út á deildarfundum, niðurstöður ræddar á starfsdegi.	Janúar/febrúar	Allt starfsfólk deilda.
Þættir úr umbótaáætlun	Að verið sé að vinna að þeim umbótum sem sett var upp með	Í endurmatslistum haust- og vorannar. Í einhverjum tilfellum á deildarstjórafundum	Haust og vor	Það starfsfólk sem á hlut að máli
Líðan starfsfólks	Að starfsfólki líði vel á vinnustaðnum og fái að njóta styrkleika sinna	Starfsmannasamtöl tvisvar á skólaárinu. Starfsmannakönnun Survey Monkey.	Stutt samtöl á haustönn, starfsþr.samtöl vorönn. Könnun lok árs	Starfsfólk

7.4 Leikskóladagatal 2020-2021

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Hulduheimar

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JUNÍ	JULÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 Þ	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 S	9 M	9 F	9 S
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 M	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 M	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M		31 M

8. Samþykki foreldraráðs

Selfossi, 24.nóvember 2020

Foreldraráð Hulduheima hefur lesið starfsskýrslu Hulduheima 2020-2021 og samþykkir hana...

Fyrir hönd foreldraráðs Hulduheima:

Ingunn Helgadóttir